

Nefndarsvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2012  
EBL/hó

**Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, á 140. löggjafarþingi, þskj. 712 - 466. mál**  
*Tilv. 2012030007*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi frá nefndasviði alþingis, dags. 7. mars 2012. Bændasamtökin leggjast gegn samþykkt þess.

Bændasamtökin eru mótfallin því að unnið sé að breytingum á ofangreindum lögum á fleiri en einum stað. Á sama tíma og þetta frumvarp er lagt fram fyrirhugar umhverfissráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á sömu lögum sem að óbreyttu munu hafa veruleg áhrif á hlunnindanýtingu bænda. Á sama tíma ríkir óvissa um hvenær svokölluð hvítbók um veiðilöggjöfina lítur dagsins ljós, og hvort höfundar hennar munu leggja til breytingar á lögnum. Þessi vinnubrögð stjórnvalda og fyrirvaralausar og handahófskenndar breytingar á löggjöfinni eru ekki til þess fallnar að skapa sátt. Það eru auðvitað mjög undarleg vinnubrögð að frumvarp af þessu tagi skuli lagt fram á meðan hin svokallaða hvítbók er ekki tilbúin. Bændasamtök Íslands hvetja til þess að frekari breytingar á veiðilöggjöfinni verði ekki gerðar nema að vel yfirlögðu ráði.


Málefni selveiða falla nú undir verk svið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Verði þetta frumvarp að lögum mun málaflokkurinn færast til umhverfissráðuneytisins og þannig leitast enn frekar við að stækka það ráðuneyti. Selir eru sjávarspendýr en ekki landdýr eins og lög nr. 64/1994 fjalla fyrst og fremst um. Selir eiga ekkert skylt við refi, minka, hreindýr, mýs, rottur, hvítabirni eða fugla.

Vel má vera að tímabært sé nú að lögfesta ákvæði um selveiðar en sú nálgun sem hér er á ferðinni er ekki rétt, að mati Bændasamtakanna. Bændasamtökin hvetja til þess að haft verði í huga að verði frumvarpið að lögum munu selveiðar falla undir sömu reglur og nú gilda um veiðar á landdýrum. Stíga verður varlega til jarðar í þessum efnunum. Þá hvetja Bændasamtökin til þess að veiðilöggjöfin verði skoðuð heildstætt og í samráði við hagsmunaðila.

Bændasamtökin hafa áður lýst því yfir að þau eru reiðubúin til þess að koma að slíkri vinnu. Bændasamtökin vilja að endingu benda á að bændur eru vörslumenn landsins og hafa óhjákvæmilega hagsmuni af því að veiðar verði sjálfbærar.

Bændasamtök Íslands gera ráð fyrir að óskað verði eftir því að þau sendi fulltrúa sinn á fund umhverfis- og samgöngunefndar.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi  
Erindi nr. D 140/1674  
komudagur 4.4.2012

Reykjavík, 04.04.2012  
Tilv. 21.9.1/SEL  
JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum, 466. mál, 140. löggjafarþing 2011-2012**

Selir hafa hingað til verið taldir til nytjastofna sjávar enda eru nytjar á selum líklega jafngamlar byggð í landinu. Samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnunina ber stofnuninni að veita ráðgjöf varðandi nýtingu og vernd nytjastofna sjávar. Í samræmi við það hefur stofnunin veitt stjórnvöldum vísindalega ráðgjöf varðandi selastofna í árlegri skýrslu sinni um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur. Auk eigin rannsókna á selum hefur ráðgjöf stofnunarinnar byggst á samstarfi við þá aðila sem helst hafa stundað selarannsóknir hér á landi, einkum Erling Hauksson, líffræðing hjá Hringormanefnd, sem metið hefur stærð selastofna frá 1980. Mat á niðurstöðum íslenskra selarannsókna hefur reglulega farið fram á alþjóðlegum vettvangi og hefur endanleg ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar að mestu byggst á slíkum úttektum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir aðkomu Hafrannsóknastofnunarinnar né annarra aðila sem stundað hafa rannsóknir á sjávarspendýrum og lífríki hafsins að ákvörðunum um griðarsvæði sela, heldur eru Náttúrufræðistofnun Íslands og Bændasamtök Íslands einu samráðsaðilarnir samkvæmt frumvarpinu. Nauðsynlegt hlýtur að teljast að leita ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar í þessum efnum. Búsvæði sela og fæðunám er í hafinu og fjörunni. Útselur og landselur nýta sér að vísu land til kæpingar og hvíldar en taka alla sína fæðu úr vistkerfi hafsins, þ.m.t. mikilvæga fiskistofna. Á vísindasviðinu þykir almennt eðlilegast að rannsóknir á selum heyri undir rannsóknastofnanir sem tengdar eru sjó og sjávarútvegi, enda þar með góðar forsendur fyrir þverfaglegri sýn í efnistöku og aðferðafræði.

Á undanförunum árum hefur leiðandi stefna á alþjóða vettvangi verið að taka aukið tillit til samspils tegunda innan vistkerfis hafsins, s.k. vistkerfisnálgun við stjórnun auðlinda sjávar. Gera má ráð fyrir frekari þróun í þá átt á næstu áratugum. Ljóst er að fyrirhugaðar lagabreytingar ganga gegn slíkri þróun hér á landi.

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
575-2000  
Póstfax:  
575-2001

Heimasíða:  
[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

Tölvupóstfang:  
[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)


## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Í lok þriðju greinar frumvarpsins segir “Veiðar á vöðusel og farsel eru óheimilar”. Væntanlega er hér átt við “veiðar á vöðusel og öðrum tegundum farsela”. Ekki verður skilið hver rökin eru fyrir allsherjarbanni á veiði á þessum tegundum, ekki síst í ljósi þess að hér er um afar stóra stofna sela að ræða, sem augljóslega kunna að valda beinum fjárhagslegum skaða fyrir íslenskan sjávarútveg.

Á undanförunum árum hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veitt leyfi til norskra selfangara til veiða á vöðusel í íslenskri landhelgi að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar. Eins og um útsel og landsel, hefur sú ráðgjöf stofnunarinnar byggst á niðurstöðum alþjóðlegra vísindalegra úttekta innan Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) þar sem stofnunin er virkur þátttakandi. Óhætt er að fullyrða, að afrán land- og útsels á efnahagslega mikilvægum fiskistofnum er allnokkuð eða verulegt. Eins er líklegt að afrán farsela, þ.e. vöðusels, blöðrusels, kampsels og hringanóra, sé verulegt í lögsögunni og utan hennar þegar þessir stofnar ganga árstíðabundið á hafsvæðið í kringum Ísland í mikilli mergð. Í efnahagslegu tilliti er þó ekki síður að geta áhrifa selastofna á útbreiðslu sníkjudýra í fiski, en bæði útselur og landselur þó í minna mæli eru nauðsynlegir lokahýslar fyrir hringorma í iðrum og holdi nytjafiska.

Að lokum skal þess getið að Hafrannsóknastofnunin er vísindalegt stjórnvald hvað varðar sjávarspendýr á vettvangi CITES. Komi til breytinga samkvæmt frumvarpinu, þarf einnig að hafa þetta í huga.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1671*  
*komudagur 2.4.2012*

Nefndasvið Alþingis  
 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
 Alþingi v/Austurvöll  
 150 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. apríl 2012  
 2012030006/42-1-1  
 TB/JGO  
 jgo/tb

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994. 466. mál, selir**

Vísað er til tölvupósts / bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 466. mál. Markmið frumvarpsins er að flokka sel með öðrum villtum dýrum, en selir hafa að vissu leyti verið umkomlausir í stjórnkerfinu og heildarlög um vernd og veiðar ekki verið til fyrir seli. Náttúrufræðistofnun telur mjög brýnt að þetta frumvarp nái fram að ganga, en stofnunin hefur árum saman bent á að selir hafa hvorki notið eðlilegrar verndar né að fylgt hafi verið sjálfbærri stefnu við nýtingu þeirra. Náttúrufræðistofnun telur löngu tímabært að festa í sessi reglur um vernd og nýtingu sela við Ísland, bæði staðbundinna stofna og farsels.

Ísland gerðist aðili að Bernarsamningnum um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu árið 1994. Í viðauka II við samninginn eru upptaldar þær dýrategundir sem aðildarríkin skuldbinda sig til að friða. Í viðauka III eru taldar upp tegundir dýra sem heimilt er að veiða í aðildarríkjunum að því tilskyldu að gerðar séu viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnunarlegar ráðstafanir til að tryggja vernd þessara tegunda (7. gr. samningsins). Setja þarf reglur um nýtingu hvernar tegundar sem tryggi að viðkomandi stofni sé ekki stefnt í hættu. Aðgerðir þurfa að fela í sér: a) Að tegundir séu friðaðar fyrir veiðum á ákveðnum árstímum og/eða að aðrar aðgerðir sem stýra veiðum séu fyrir hendi. B) Tíma- eða staðbundið bann við veiðum, eins og við á, til að endurheimta ásættanlega stofnstærð. C) Að viðeigandi reglur séu fyrir hendi varðandi sölu, meðhöndlun vegna sölu og flutnings vegna sölu bæði lifandi og dauðra dýra. Allar selategundir sem finnast við Ísland eru á viðauka III við Bernarsamninginn, en það eru landselur, útselur, vöðuselur, hringanóri, blöðruselur og kampselur. Ísland setti ekki fyrirvara varðandi seli þegar samningurinn var samþykktur, en fyrirvarar voru settir við nokkrar aðrar dýrategundir.

Þegar gengið var frá aðildinni að Bernarsamningnum þótti ekki ástæða til að gera fyrirvara varðandi seli þar sem fyrirhugað var að láta ný lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum ná til sela eins og annarra villtra dýra. Í frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi í tengslum við aðild Íslands að Bernarsamningnum voru ákvæði er varða seli, en þau voru hins vegar felld út rétt áður en Alþingi samþykkti lögin vorið 1994 (lög nr. 60/1994) vegna ágreinings ráðuneyta um vistun sela í stjórnkerfinu. Úr þessum ágreiningi



hefur ekki verið leyst og málið ekki komið til kasta Alþingis aftur. Landselur og útselur eiga fast aðsetur á Íslandi og kæpa hér við land, en hinar fjórar tegundirnar eru svo kallaðir farselir. Selveiðar eru heimilaðar á Íslandi, en þrátt fyrir skýr ákvæði í 7. gr. Bernarsamningsins um skyldu til veiðistjórnunar hefur henni aldrei verið komið á hér á landi. Í ályktun fastanefndar Bernarsamningsins nr. 6 frá árinu 1998 er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að gera sérstakar ráðstafanir til að vernda búsvæði tiltekinnar tegunda með stofnun griðarsvæða og þar á meðal eru landselur og útselur. Slík griðarsvæði fyrir seli eru ekki til á Íslandi, en samkvæmt gildandi lögum, tilskipun um veiði á Íslandi frá 20 júní 1849, segir í 9. gr. að enginn má skjóta landsel og útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en 900 metra frá þeim. Þessu ákvæði hefur lítið verið fylgt eftir og oft brotin án þess að við hafi verið brugðist, ekki síst á tímum hringormanefndarinnar svo kölluðu. Ísland hefur því enn ekki uppfyllt þjóðréttarlegar skyldur sínar varðandi vernd og nýtingu sela, sem er slæmt og fyrir löngu orðið tímabært að setja heildarlög um vernd og nýtingu sela líkt og gilda um önnur villt dýr.

Landsel og útsel hefur fækkað verulega hér við land á undanförunum áratugum. Áætluð stofnstærð landsels var um 12.000 dýr árið 2003 og talið er að hún hafi haldist óbreytt síðan, en stofninn var metin 33.000 dýr árið 1980. Stofnstærð útsels er nú talin vera um rúmlega 6.000 dýr eða ríflega helmingur þess sem var árið 1990. Af þessum tölum má sjá að mjög mikil fækkun hefur orðið í selastofnum landsins á tiltölulega stuttum tíma, sjá <http://www.selasetur.is/>, <http://www.hafro.is/grunnsaevi-radstefna/Agrip/spendyr-GV.pdf>. Þrátt fyrir að dregið hafi verulega úr selveiðum hefur landselur ekki rétt úr kútnum síðan 2003. Vafalaust eru margar ástæður fyrir þessari miklu fækkun sela eins og t.d. seladauði í fiskinetum, en ekki má horfa fram hjá mikilli veiði á útsel á vegum svokallaðrar hringormanefndar undanfarna áratugi. Efla þarf alla vöktun á selastofnum og skráningu á veiði, bæði veiði til nytja og slysaveiði í fiskinet. Jafnframt er nauðsynlegt að koma upp raunverulegum griðarsvæðum fyrir sel líkt og lagt er til í frumvarpinu. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að um seli gildi sömu lög og um önnur villt spendýr og villta fugla sem falla undir lög nr. 64/1994.

Í 4. gr. framangreinds frumvarps er lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 30/1925, nr. 29/1937 og tilskipun um veiðar á Íslandi frá 20. júní 1849. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta, en telur þó ekki þörf á að fella veiðitilskipunina frá 1849 úr gildi þar sem hún fjallar um fleira en sel, m. a. dýraveiði og veiðitök og réttindi jarðeigenda. Einungis ætti að fella 9. og 10. gr. tilskipunarinnar úr gildi verði þetta frumvarp að lögum.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson





*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1649*  
*komudagur 27.3.2012*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. mars 2012

1112018SA TP  
Málalykill: 40

**Efni: Breyting á lögum um veiðar á villtum dýrum - umsögn um frv. 466. mál 140. lþ.**

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 7. mars sl., var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið gerir ekki athugasemd við að frumvarpið hljóti afgreiðslu á Alþingi, enda snerta framkomnar tillögur sveitarfélögin einungis með óverulegum hætti.

Athygli umhverfis- og samgöngunefndar er hins vegar vakin á því að í fyllsta máta er tímabært að endurskoða þau lagaákvæði sem snúa að veiðum á ref og mink, sbr. einkum 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Að mati sambandsins hafa fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða þróast með algerlega óviðunandi hætti á undanföllum árum. Þannig hefur umhverfisráðuneytið 19,4 m.kr. til ráðstöfunar samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs til að endurgreiða sveitarfélögum kostnað vegna veiða á ref og mink. Á fjárlögum fyrir árið 2010 voru hins vegar veittar 34,8 m.kr til sama verkefnis.

Stórlega hefur því dregið úr ríkisframlögum til þessa verkefnis á síðastliðnum árum. Ekki verður hins vegar séð að dregið hafi úr veiðum og má því ætla að ríkið hafi áfram fengið skatttekjur af veiðunum í svipuðum mæli og áður. Er nú svo komið að innheimtur virðisaukaskattur stendur undir ríkisframlögum að verulegu leyti.

Þessi þróun hefur átt sér stað í skjóli óskýrra ákvæða um fjármögnun veiðanna. Sambandið hefur lagt ríka áherslu á úrbætur hvað þetta varðar og ennfremur að ekki séu búin til ný grá svæði í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með óljósum og jafnvel mótsagnakenndum skilgreiningum í lögum, annars vegar um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og hins vegar um dýravelferð og dýraeftirlit.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1666**  
**komudagur 30.3.2012**

**Samtök eigenda sjávarjarða.**  
**Pósthólf 90,**  
**780 Hornafirði.**

Alþingi nefndasvið,  
101 Reykjavík.  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

30. mars 2012.

**Athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum. 140 löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 712, 466. mál.**

Hér með er komið á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað viðvíkur fyrrgreindu frumvarpi.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða (Ses) telur ekki að ástæða sé til að gera þessar breytingar og að þær séu heldur ekki í samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar um að eignarrétturinn sé friðhlegur, sérstaklega þegar talað sé um að sérstakt leyfi stjórnvalda þurfi til að stunda nýtingu hlunninda jarða sem átt hefur sér stað sem eignarréttur frá ómunatíð. Það er engin almenningsþörf sem krefst þess að réttur í þessum tengslum verði tekin af bændum eða hann skertur. Lög þessi eru heldur ekki í samræmi við 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins um að allir menn hafi rétt til að njóta eigna sinna í friði. Veiði- og nýtingarrétturinn er andlag eignarréttar í þessu sambandi. Eignarréttindum þessum hefur aldrei verið afsalað til annarra né hafa þau verið skilin frá jörðunum með nokkrum hætti. Samkvæmt lögum, ákvæði Jónsbókar og veiðitilskipunar frá 1849 hafa selir notið verndar.

Aðför var gerð að selnum fyrir nokkrum árum af fulltrúum á vegum Hringormanefndar. Aðilar þessir störfuðu með vitneskju opinberra aðila á Íslandi. Stórkostlegt tjón var unnið á eignarréttindum bænda af þessum aðilum og hafa sellátrin víða ekki náð sér enn. Þörf væri á því að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið rannsökuðu það mál betur áður en lengra er haldið.

Ses telur enga þörf á því að gera þessar breytingar á lögnum. Þau eru mun betri eins og þau eru.

Virðingarfyllst,  
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður,  
[ses.netlog@gmail.com](mailto:ses.netlog@gmail.com)  
[omar@litlahorn.is](mailto:omar@litlahorn.is)





Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 30. mars 2012

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 466. mál.**

Lagaumhverfi sela hefur lengi verið óviðunandi og hafa engin heildarlög um vernd og veiðar sela verið sett. Samtök náttúrustofa (SNS) fagna því þessari viðleitni til að færa lagaumhverfi sela til nútímans og fella þá undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (villidýralög). Áður hefur verið reynt að breyta lagaumhverfinu, t.d. þegar núgildandi villidýralög voru sett, en þá voru ákvæði um seli tekin út á síðustu stundu. Af þeim sökum gilda svo að heita engin lög um vernd sela eða stjórnun á selveiðum. Það er brot á Bernarsamningnum, sem Ísland er aðili að.

SNS vill benda á að um þessar mundir vinnur nefnd umhverfisráðherra, undir formennsku Menju von Schmalensee starfsmanns Náttúrustofu Vesturlands, að heildarúttekt á lagalegu og stjórnsýslulegu umhverfi villtra fugla og villtra spendýra, þar á meðal sjávarspendýra. Búið er við að þeirri vinnu ljúki nú á vormánuðum, en í úttekt nefndarinnar verður að finna ítarlega umfjöllun um seli.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að rostungur sé selur en hið rétta er að rostungur er hreifadýr (Pinnipedia) eins og selir (Phocidae) en er ekki selur, heldur tilheyrir þeirri ætt hreifadýra sem nefnist Odobenidae. Skv. núgildandi villidýralögum er rostungur friðaður ólíkt selunum og er því rangt að hann megi veiða eins og fram kemur í greinargerðinni. Rostungur er strangfriðaður samkvæmt Bernarsamningnum.

Samkvæmt frumvarpinu verða veiðar á farselum sem flækjast inn í íslenska lögsögu bannaðar. Um er að ræða stóra stofna, sérstaklega vöðusels og hringanára, sem eru talsvert nytjaðir á Grænlandi. Hér flækjast þeir stöku sinnum í net en eru líklega lítið veiddir að ásettu ráði. Þó hafa blöðruselir eitthvað verið veiddir, t.d. á Skjálfandaflóa. A.m.k. hluti þeirra veiða hefur verið vegna þess að þeir séu taldir valda tjóni en einnig hafa þeir að einhverju leyti verið nýttir, t.d. til rannsókna. Það er því ekki rétt sem kemur fram í greinargerðinni blöðruselir hafi ekki verið veiddir hér síðustu áratugi.

Samtök náttúrustofa telja æskilegt að skoða málefni sela við Ísland í samhengi við heildar endurskoðun villidýralaganna að lokinni vinnu nefndar umhverfisráðherra. Þá skuli taka afstöðu til þess hvort æskilegt eða nauðsynlegt sé að farselir njóti verndunar umfram íslenska seli og hversu langt skuli ganga í slíkri friðun. Því leggja Samtökin til að ákvæðið um friðun farsela verði fellt út úr 3. grein frumvarpsins.

Samtök náttúrustofa styðja að sett verði í lög ákvæði um vernd sela og að þeir verði felldir undir villidýralögin, enda virðist stofnþróun íslensku tegundanna hafa verið fremur neikvæð um langt skeið. Nánar þarf þó að útfæra vernd selalátra og annarra mögulegra verndarsvæða fyrir seli.

Virðingarfyllst f.h. Samtaka náttúrustofa,

Ingvar A. Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands

**Athugasemdir Samtaka Selabænda við frumvarp til laga umbreytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.**

**140 löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 712 \_ 466. mál.**

Stjórn Samtaka Selabænda sér ekki ástæðu til að gera þessar breytingar enda stangast þær á við 72. grein Stjórnarskrár um eignarrétt, þar sem sérstakt leyfi yfirvalda þarf til að stunda hefðbundna hlunnindanýtingu. Að okkar áliti er þetta frumvarp handónýtt og hefur enga þýðingu aðra en að auka útgjöld og íþyngja bændum.

Selir hafa notið verndar samkvæmt lögum, spr. ákvæði Jónsbókar og veiðitilskipunar frá 1849. Þannig að ekki er rétt að selir njóti enngar verndar með lögum. Það að núgildandi lög um sel hafi verið óvirk er vegna þess að umgengni bænda um selastofnana og látrín er í lagi og þess vegna þarf ekki að búa til ný lög sem eru íþyngjandi fyrir þá bændur sem af selnum hafa tekjur. Með því er verið að flytja rétt bænda til sjálfsbjargar og leyfi til þess, til „bjúrókrata“ í Reykjavík eða jafnvel Brussel. Við væntum vægast sagt ekki mikils skilnings hjá mönnum sem hafa að mestu leiti slitið brókum sínum á skólabeck og við skrifborð í ráðuneytum. Í meginatriðum hefur sú regla verið í heiðri höfð að aðrir en látraeigendur hafa ekki veitt sel, nema til að sæta sér í munni, en það er svo lítið að ekki tekur að fjargviðrast út af því, enda fyrrnefnd friðunarákvæði í nær öllum tilfellum virt.

Eini ófriðurinn sem að hefur kveðið og að sel hefur steðjað, er frá þeirri nefnd sem kallaðist Hringormanevnd og var sett á stofn af samtökum útgerða og fiskvinnslu um 1980. Þá fór fram stórfellt rán og óskapleg aðför að selalátrum um allt land. Þar sem sendimenn Hringormanevndar fóru ránshendi um nær öll selalátur á Íslandi. Það virðist að sú herferð hafi verið með vitund og vilja yfirvalda. Að minnstakosti gerðu yfirvöld harla lítið til þess að stemma stigu við því athæfi, og hefði litlu skift þó um selinn hefðu gilt önnur lög. Í því stríði féll um það bil helmingur selastofnsins og síðan þegar grásleppubátar stækkuðu og fóru að sækja lengra frá höfnum fór næstum allt sem eftir var af selastofninum í grásleppunetin sem meðafli, en þar var ekki um neitt ólöglegt athæfi að ræða, annað en að grunur leikur á að lítið hafi verið um skráningu á þeim meðafli. Það er á þessum málum og öðrum viðlíka sem þarf að taka, og það er hægt með núgildandi lögum. Bændur hafa nýtt hlunnindi jarða sinna um aldir, þar með taldar selveiðar. Þeirra hagsmunir voru og eru að ganga ekki á stofninn. Enda þær sveiflur sem orðið hafa á selastofnunum ekki af þeirra völdum.

**Við erum því alfarið á móti þeim breytingum sem þetta frumvarp felur í sér.**

**Það er einnig krafa okkar að selur verði áfram undir þeim hluta stjórnsýslunnar sem heyrir til landbúnaðar, þar sem selalátur tilheyra jörðum.**

Stjórn Samtaka Selabænda.

Pétur Guðmundsson Ófeigsfirði

Ásgeir Gunnar Jónsson Stykkishólmi

Hafsteinn Guðmundsson Flatey

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1767**  
**komudagur 16.4.2012**

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2012  
UST20120300068

**Efni: Umsögn um þingskjal 712 - 466. mál**

Með tölvubréfi dagsettu 7. mars 2012 fékk Umhverfisstofnun til umsagnar ofangreint frumvarp til breytinga á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Miðast frumvarpið við að færa selveiðar undir lögin, sem ekki hefur verið fram að þessu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að settar verði skýrar reglur um verndarstöðu sela. Stofnunin hefur hins vegar nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins.

*Athugasemdir við 3. grein*

Umhverfisstofnun bendir á að efni 17. gr. b. eins og hún er lögð fram standi í litlu samhengi við efni núgildandi 17. gr. eða 17. gr. a. eins og þær eru í dag. Stofnunin veltir því upp hvort betur kynni að fara á því að nýrri grein yrði bætt við lögin á eftir 16. gr. og verði þá 16. gr. a. um seli.

Það er jafnframt skoðun stofnunarinnar að skoða verði sérstaklega ákvæði um griðarsvæði eða friðlönd fyrir seli og leitast við að samræma þau ákvæðum annarra laga um friðlýsingar svæða, einkum og sér í lagi laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem fjallað er um friðlýst svæði. Í Hvítbók um náttúruvernd sem unnin var af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins og gefin út í fyrra er gert ráð fyrir því að friðlýsingarflokkar á Íslandi verði endurskoðaðir og aðlagðir alþjóðlegu flokkunarkerfi IUCN. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun heppilegra að kveðið sé á um friðun tiltekinn svæða, t.a.m. búsvæða einstakra dýrastofna, á einum stað í löggjöf og telur að heppilegra sé að koma slíkum ákvæðum fyrir í lögum um náttúruvernd. Því telur stofnunin að fella beri úr fyrirliggjandi frumvarpi allar tilvísanir til sérstakra griðarsvæða. Stofnunin gerir sérstaka athugasemd við að hugtakið griðarsvæði er ekki skilgreint í frumvarpinu. Við friðun þarf að skilgreina hvaða reglur eigi að gilda um viðkomandi svæði og skilgreina með hnitum hvaða svæði nýtur verndar til að tryggja skýrleika og grundvöll eftirfylgni. Þegar búsvæði fugla eru friðlýst er það gert með sérstakri auglýsingu þar sem hnit eru tilgreind sbr. Auglýsingu um búsvæðavernd Skerjafjarðar innan bæjarmarka Garðabæjar, nr. 878/2009. Einnig má benda á auglýsingu um friðlýsingu kúluskíts, vaxtarforms grænþörungsins vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*), nr. 523/2006. Stofnunin telur þá aðferð sem þar er beitt í þágu friðlýsingar tegundar og vaxtarstaða hennar ekki fullnægjandi fyrir tegundir villtra dýra þar sem sú aðferð tekur ekki mið af hreyfanleika dýra. Þessu til viðbótar bendir stofnunin á að fyrir í lögum nr. 64/1994 er ákvæði í 18. gr. sem heimilar ráðherra sértæka friðun og mætti beita um seli eftir að frumvarp þetta yrði samþykkt.

Verði hins vegar niðurstaðan sú að gera ráð fyrir slíkum griðarsvæðum í lögum um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum telur stofnunin rétt að breyta frumvarpinu í þá veru að hafa eigi samráð við Umhverfisstofnun vegna ákvörðunar um sérstök griðarsvæði fyrir seli, auk Náttúrufræðistofnunar Íslands, Bændasamtaka Íslands og landeigendur eins og ráð er fyrir gert. Umhverfisstofnun fer hvoru tveggja með umsjón friðlýstra svæða samkvæmt náttúruverndarlögum sem og umsýslu með öllum veiðum samkvæmt lögum þessum. Því er ástæða til þess að stofnunin sé hluti af þessu samráðsferli enda verður frumvarpið ekki skilið öðru vísi en svo að færa eigi stjórn veiða á sel til Umhverfisstofnunar þar sem ekki eru lagðar

til breytingar á 3. mgr. 3. gr. né 11. gr. laganna en sú síðarnefnda áskilur að allir sem stundi veiðar á villtum dýrum afli sér veiðikorts sem Umhverfisstofnun gefur út.

Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi nánar að veiðar í **grennd** við látur séu óheimilar. Orðið grennd er afar óskýrt og ekki nægilega leiðbeinandi að mati stofnunarinnar. Þá er jafnframt hægt að túlka ákvæðið svo að heimilt sé að veiða í látrum en ekki í nágrenni þeirra. Stofnunin leggur því til að ákvæðið verði samræmt við ákvæði þess efnis að óheimilt sé að hleypa af skoti innan ákveðinnar fjarlægðar frá fuglabjörgum og æðarvörpum og setja þannig ákveðinn metrafjölda í stað orðsins grennd. Til samræmis við það orðalag sem er að finna í ákvæði um skotveiðar í og við fuglabjörg mætti orða ákvæðið svo, hugsanlega þó með breyttum fjarlægðamörkum: „*Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sellátrum en 200 m og á sjó nær en 500 m.*“ Þá telur stofnunin að síðustu setningu greinarinnar ætti að orða sem hér segir: „*Veiðar á öðrum selum en landsel og útsel eru óheimilar.*“ Eigi að nota hugtakið farselur, með vísan í eldri löggiöf, þarf að mati stofnunarinnar að skýra það nánar. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að tilgreina rostung sérstaklega í ákvæðinu ef lagt er til að veiðar á honum verði óheimilar, sem stofnunin telur raunar skynsamlegt. Í ljósi þess að rostungur er ekki selur, heldur fellur undir ættina Odobenidae og er eina tegundin af þeirri ætt, telur stofnunin að vísan til farsela eða til annara sela en landsels og útsels í lögnum tryggi ekki nægjanlega að veiðar á rostung falli þar undir.

#### *Athugasemdir við 4. grein*

Umhverfisstofnun telur ekki rétt að tilskipun um veiðar á Íslandi frá 20. júní 1849 sé felld úr gildi í heild sinni með samþykki þessa frumvarps. Í tilskipuninni eru ekki eingöngu ákvæði um seli og veiðar á sel heldur einnig önnur atriði er varða veiðar sem hugsanlega væri afar óheppilegt að fella út. Ekki verður lagt á það nánara mat í þessari umsögn hvaða áhrif slík niðurfelling kynni að hafa en áður en tilskipunin er felld úr gildi í heild sinni þyrfti að kanna hvort ákvæði hennar hafi verið tekin upp í öðrum lögum og hvaða áhrif niðurfellingin hefur á regluverk um veiðar. Að mati stofnunarinnar kallar frumvarp þetta aðeins á að felldar verði úr gildi 9. og 10. gr. tilskipunarinnar.

#### *Aðrar athugasemdir*

Umhverfisstofnun bendir á að ef frumvarp þetta verður að lögum er með vísan til 9. gr. laga nr. 64/1994 verið að banna allar aðrar veiðar en skotveiði á sel. Í 4. tl. 9. gr. er hins vegar að finna ákvæði þar sem gert er ráð fyrir veiðum á selkópum í net. Umhverfisstofnun telur rétt að taka ákvæði 9. gr. til sérstakrar skoðunar við vinnslu frumvarpsins, þá einkum með tilliti til þess hvort ástæða er til að heimila sérstaklega netaveiðar á sel. Mögulegt er veiðar á sel með bareflum sem geti talist til hefðbundinna veiða á einhverjum svæðum og leggur stofnunin til að ekki verði gert ráð fyrir slíkum möguleika í breyttum lögum.

Umhverfisstofnun telur ástæðu til þess að gert sé ráð fyrir því að þeir sem skjóta ætla sel þurfi að gera það með rifflum af tiltekinni stærð og hafi skotvopnaleyfi (B-flokk). Sambærileg ákvæði um hreindýraveiðar má finna í 1. tölulið 13. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994 annars vegar og síðan í 11. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003. Meta þarf sérstaklega hver er viðeigandi kúlu- og riffilstærð þegar um selveiði er að ræða.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að veiðar á sel geti talist til hlunninda. Þau ákvæði sem lagt er til að tekin verði upp virðast hins vegar einungis miða við að farið sé með veiðar á sel sem almennar veiðar. Sérstaða

hlunnindaveiðanna í nógildandi löggjöf miðast einkum við að friðunarákvæði nógildandi laga taka ekki til hlunnindaveiða. Bent er á að ef til stendur að veita hefðbundnum hlunnindaveiðum á sel einhverja slíka sérstaka stöðu þarf að setja slík ákvæði í lögin, þá helst með sérstakri málsgrein í 20. gr. þar sem fjallað er um aðrar hlunnindaveiðar. Í ljósi orðalags í greinargerð telur stofnunin í það minnsta að rétt sé að leitast við að skýra vilja löggjafans um hvort selveiðar falli alfarið undir almennar veiðar eða geti einnig verið hlunnindaveiðar.

Umhverfisstofnun bendir á að með breytingunni sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu má líta svo á að málefni sela verði færð frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis og rannsóknarskylda á selastofninum alfarið til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þann 29. ágúst 2010 gerði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samning við Selasetur Íslands um rannsóknir á selastofninum. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er sérsök lagastoð fyrir rekstri Selasetursins og ekki er formlegt samband sem Umhverfisstofnun er kunnugt um á milli þess og Náttúrufræðistofnunar. Því telur Umhverfisstofnun að rannsóknarhlutverkið þurfi að skýra frekar með hliðsjón af þessu.

Umhverfisstofnun að sú breyting sem hér er lögð til og felur í sér að fela stofnuninni veiðistjórnun á sel hefur óhjákvæmilega í för með sér kostnað fyrir Umhverfisstofnun sem gera verður ráð fyrir ef frumvarpið verður samþykkt. Snýr sá kostnaður fyrst og fremst að því að breyta gagnagrunnum veiðikorta og veiðiskýrslna sem veiðikorthöfum ber að skila árlega. Á núverandi veiðikortum kemur fram hvaða tegundir veiðimanni er heimilt að veiða (fuglar, hreindýr, refur og minkur). Gera þyrfti ráð fyrir sérstöku leyfi til að veiða sel á kortinu og Umhverfisstofnun þarf að taka saman upplýsingar um veiðar á sel sem er viðbót við núverandi verkefni og þarf að gera ráð fyrir kostnaði því samfara, en ekki verður lagt mat á það hér hver sá kostnaður er. Er því nauðsynlegt að formlegt kostnaðarmat fari fram á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

---

Sigrún Ágústsdóttir